

pórhildur

blað íslendinga í kaupmannahöfn



2. tölublað

2. árgangur

mars 1984

pórhildur

PÓRHILDUR — blað Íslendinga í Kaupmannahöfn.

2. árgangur, 2. tölublað, mars 1984

ISSN-0108-9110

Útgefandi: Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn og Félag íslenskra námsmanna í Kaupmannahöfn

Ritstjórn: Ársæll Harðarson, Ásdís Herborg Ólafsdóttir, Guðmundur Örn Gunnarsson, Oddgeir Þórðarson, Pálmi Guðmundsson, Sighvatur Sævar Árnason og Sigurður Jóhannesson

Upplýsingar: Guðmundur Örn Gunnarsson, sími 01-35 65 17

Auglýsingar: Ársæll Harðarson, sími 01-22 04 25

Fulltrúi á Íslandi: Erlendur Hjaltason

Setning: Lægeforeningens forlag

Prentun: Mohns Bogtrykkeri

Upplag: 1200 eintök

Heimilisfang: Øster Voldgade 12, 1350 København K

Gíróreikn.: 1 56 33 00

Eftirprentun óheimil nema með sérstöku leyfi

EFNI

Ætli ég flytji ekki heim þegar ég verð orðin gömul — viðtal við Guðrúnu Eiríksdóttur.:

Gunnlaugur Júlíusson, Sigurður Jóhannesson 6

Að heiman... blandaðar fréttir frá Íslandi: Ásdís H Ólafsdóttir 12

Verzlað með bankastjóraembætti: Sigurður Jóhannesson 13

Banaskot — smásaga eftir Guðmund Gunnarsson 14

Dagskrá 16

Þorrapvælingur. Hugleiðing um tilgang og framtíð Þorrablóta Íslendingafélagsins:

Ársæll Harðarson 18

Ræða á 90 ára afmæli Félags ísl. námsmanna í Kaupmh: Brynjólfur Bjarnason 22

Úr fjötrum efnishyggjunnar: Grámann 25

Kyrralífsmýnd (talið frá hægri til vinstri): smásaga eftir Magnúz Gezzon 28

B.T.s nyhed var opdigtet: Sigurður Jóhannesson 29


Hvorfor er hunde forbudt i Reykjavik?: Sigurður Jóhannesson 31

Forsíðan: Skammdegispankar.....eftir Hallgrím Ingólfsson.



ÍSLAND HVERJA VIKU

HAFSKIP FLUTNINGAÞJÓNUSTA



Við komum heimili þínu í örugga höfn

Stóllinn, námsbækurnar, öll búslóðin ...
kemst á öruggan hátt heim til Fróns.

- ★ Hentugir gámar
- ★ Leiðbeiningar um pökkun
- ★ Þjónum öllu landinu.

Vikulegar siglingar

Hirtshals	— Mánudag
Álaborg	— Þriðjudag
Fredericia	— Miðvikudag
Kaupmannahöfn	— Mánudag

Einnig vikulegar siglingar til Gautaborgar og Frederiksstad.

Ræðið við Hafskip áður en þið
byrjið að pakka niður.
Íslenskt starfsfólk.
Flutningaþjónusta, sími
01-18 54 55



HAFSKIP

Færgehavn Nord — Skudehavnsvej 3
DK-2100 København Ø

Frá borði ritstjórnar

Eins og lesendur hafa eflaust tekið eftir hefur slæðst töluvert mikið af prentvillum með í hvert blað þrátt fyrir að við lesum próförk tvisvar sinnum. Þetta er vandamál sem erfitt er að eiga við því þeir sem setja blaðið eru allir danskir og hafa því miður enga tilfinningu fyrir okkar ylhýra máli. Engu að síður leyfum við okkur að vona að við náum að ráða við þúkann þann ærna svo að í náinni framtíð verði blaðið nær villulaust.

Þetta blað sem nú kemur fyrir sjónu ykkar er næst síðasta blað fyrir sumarfrí en næsta blað kemur út í byrjun maí. Það er því mjög mikilvægt að allir þeir sem vita um eitthvað eða eru með eitthvað sem koma ætti í sumardagskrána hafi samband við Beggu, veitingamann í Jónshúsi, sími

01-13 79 97, í síðasta lagi þann 6. apríl. Sami frestur gildir einnig fyrir allt efni og auglýsingar. Lesendum er bent á að Guðmundur, sími 01-35 65 17, gefur allar upplýsingar varðandi efni í blaðið og Ársæll, sími 01-22 04 25, upplýsingar varðandi auglýsingar.

Sem sagt: Skilafrestur á öllu efni í næsta blað er 6. apríl.

Fyrsta blað eftir sumarfrí kemur út um mánaðamótin september-október.

Að lokum ein stolin:

Lostagammur lyftir væng,
lifnar skammur drungi.
Eftir djamm í einni sæng,
eyðist gramm úr pungi.

görni

ÖLDRYKKJA HAFNARSTÚDENTA

Bóndinn segir svo við stúdentinn, þá er þeir eru komnir útfyrir hallarhlíðið: Mig þyrstir. Ég hef heyrt þess getið að hér sé nærlendis sá staður sem mestur verður í Danmörku sakir öls; ku þar heita Þilkristínarölkelda. Hef ég nú einsett mér að fara þangað að drekka.

Stúdentinn svarar að þar var nokkur nýstárleg fræði uppi höfð, er bændur undan Steinalhíðum vilja segja hafnarstúdentum til öls. Hefur eigi heyrt getið þess öls er bóndi skjalar af, segir þó hafi íslenskir stúdentar hér lafað í staðnum rúmar þrjár aldir. Höfðu ennfremur, að því er hann sagði, aldrei hirt að kynnast skemtun og dægradvöl í landi þessu utan drekka öl; þykir stúdentum hart er bændur skulu koma af Íslandi og þykjast betur um öl í Danmörku en þeir. Hér í skóginum, segir þessi stúdent, eru margar góðar krár sem geysihaglegt er að vitja, þar bera menn fram hina

ágætustu ölva. Telur stúdentinn ekki seinna vænna að fagna kápítulaskiftum sem nú eru orðin í sögu Íslands, er modskeggur gerist ofmaður konunga og keisara einsog í fornum lygisögum, en þeir fífl hans. Í annan stað er trunta hans hundfituð og sett ofar konungsráðgjöfum í Danmörku. Kveður íslenska stúdentu munu leingi drekka mega í Danmörku, bíðendur annars dags þvílíks.

Bóndi segir að hann vill gjarna fagna deginum með því að bergja af drykk sem frægastur er og ágætastur í Danmörku. Þeir spyrja sig nú fram til lundarins þar sem Þilkristínarölkelda sprettur af bergi sem að ofan getur. En nær stúdentinn sér vatnið verður honum eigi um sel. Kvaddi hann bónda af skyndingu og hvarf.

Úr Paradísarheimt
eftir Halldór Laxness.

Búslóðin heil í höfn

Þegar okkur er trúað fyrir stóru eða smáu innbúi til flutnings milli landa vitum við að góð ráðgjöf og vandvirkni í vinnubrögðum skiptir öllu máli.

Bækurnar, gamli stóllinn, fallega afmælisgjöfin, orgelið. . . allt á sína sögu og er fyrir eigandanum ómetanlegt til fjár.

Við leggjum því mikla áherslu á **öruggan** og **auðveldan** búslóðaflutning með

- hentugum gámum
- sérhönnuðum búslóðakössum fyrir viðkvæma vöru
- jöfnu flutningsgjaldi til helstu hafna landsins
- víðtækri heimsendingarþjónustu

en fyrst og fremst með **góðum ráðum** og **réttum handtökum**.

**Hafið samband við næsta umboðsmann
og leitið frekari upplýsinga.**

Kaupmannahöfn
DFDS A/S
Sankt Annæ Plads 30,
1295 København K
Sími (01) 15 63 00

Horsens
DFDS Bech Spedition
Havnen 43
8700 Horsens
Sími (05) 62 54 44


Flutningur er okkar fag

EIMSKIP

Sími 27100



0681-E2



ÆTLI ÉG FLYTJI EKKI HEIM ÞEGAR ÉG ER ORÐIN GÖMUL



Án efa kannast flestir Íslendingar sem hafa búið í Höfn á seinni árum (áratugum) við Guðrúnu Eiríksdóttur. Hana er að finna flesta daga í Jónshúsi, vakandi yfir velferð hússins og þeirra sem þar eiga leið um. Í ár hefur hún verið 30 ár í stjórn Íslendingafélagsins, og hefur enginn setið þar lengur.

Bæði í tilefni af þessu, og eins af því að okkur fýsti að kynnast Guðrúnu aðeins betur og fræðast um lífsferil hennar, þá skrúppum við einn sunnudagseftirmiðdag til hennar og spjölluðum við hana um stund.

Hvar ertu fædd Guðrún?

Ég er fædd 18 október árið 1907 á Sandhaugum í Bárðardal þar sem Grettir hafði einu sinni vetursetu.

Hvernig var lífið heima í Bárðardal í þínu ungðæmi?

Þá vann maður eins og hestur, á heldur lélegri jörð og lélegum engjum. Húsin voru heldur gömul, en ekki þó svo mjög, það hafði verið byggt þegar pabbi var unglingur. Íbúðarhúsið var í svokölluðum stofustíl, timburhús með torfgöflum og með kjallara undir. Badstofan var ekki á palli, með kýrnar undir, eins og svo víða.

Var fjölmennt í sveitinni?

Nei, ekki get ég sagt það. Yfirleitt voru þetta hjón með börn og vinnukona á einstaka stað. Búin voru víðast hvar heldur lítil, nema helst á Stóruvöllum og Lundarbrekku.

Eins var margt á Bjarnastöðum, því systkinin sem voru átta bjuggu þar öll sömul og ekkert þeirra fór að heiman.

Þá var allur klæðnaður unninn heima, maður... spann og þrjónaði það sem þurfti, önnur fót þekktust varla, ásamt sauðskinnsskóm.

Var fært frá á þessum árum?

Nei, það get ég varla sagt. Ég man rétt eftir því að það var fært frá á einum bæ. Hins vegar voru geitur á flestum bæjum, mjólkinn var notuð í osta og þess háttar.

Hvert ferðu svo, þegar yfirgefur Bárðardal?

Ég var fyrst á Laugaskóla í Reykjadal. Síðan vann ég þar hjá skólastjóra hjónunum Arnóri Sigurjónssyni og Helgu konu hans. Þar á eftir byrjaði ég að læra hjúkrun á Siglufirði.

Síðan kom ég til Ísafjarðar í janúar 1929. Þar var ég í eitt ár og svo kom ég 1930 að Vífilstöðum. Síðar byrjaði ég á Landsspítalanum, en þá veiktist ég af berklum og var sjúklingur í þrjú ár. — Það var ekkert hugsað um okkur nemana. Það dóu tveir nemar sem ég var með á Vífilstöðum úr berklum. Við vorum bara látnar þræla og þræla. Það var ekki 8 tíma vinnutími eins og nú. Ég hef sjálfsagt verið viðkvæm fyrir, því að ég man að þegar ég var að byrja á Siglufirði var ég með bólgna kirtla og gekk þar í ljós. Á Ísafirði fékk ég mislinga og þeir fóru í lungun. Þeir héldu að ég væri að verða alvarlega veik á tímabili og ég slapp nokkurn veginn — en ég varð aldrei laus við kvefið. Þessi veikindaár var ég á Reykjahæli í Ölfusi þar sem Garðyrkjuskólinn er nú. Þetta hæli var vísirinn að Reykjalundi.

Á Reykjahæli vann ég í rúmt ár, eftir að ég gat byrjað að vinna og síðan varð ég gangastúlka á Landsspítalanum. Ég gat ekki haldið áfram í hjúkrun því að ég gat ekki lyft sjúklingi vegna hryggsskekkju. Síðan fór ég að Reykjum í Mosfellssveit og var þar ráðskona í um 4 ár. — Þeir áttu bú saman Guðmundur heitinn Jónsson og Bjarni Ásgeirsson.

Nú, svo fer ég heim í Bárðardal 1947, því pabbi og mamma lágu bæði í rúminu. Þá bjuggu þar bróðir minn og mágkona. Móðir mín dó sumarið 1948, og þá þurfti ég ekki að vera heima því pabbi þurfti svo lítils með.

Þetta sumar kom móðursystir mín, sem bjó í Kaupmannahöfn, í heimsókn, og þá lofaði ég henni að koma út og heimsækja hana. Ég hafði sent henni heilmikið af fatnaði út eftir stríðið. Fólk hér átti þá ekki fötin utan á sig, mér brá að sjá fólkið hérna á götunum þegar ég kom út, það var svo illa klætt. Það var varla heldur til almennilegur leigubíll hér, þetta voru ræflar sem varla héngu saman.

Komstu hingað út árið 1949?

Ég kom hingað sumarið 1949, og ætlaði að vera hér svona tvo — þrjá mánuði. Systir mín á Selfossi sagði við mig: »Hafðu nú með þér peysu«. »Hvað heldurðu að ég þurfi peysu, þú segir að það sé alltaf svo heitt í Höfn«, sagði ég, hún hafði nefnilega verið hér sem ung þjá. »Já, en ef þú verður fram á haustið, þá er kannske kalt á kvöldin« sagði Anna systir, og sem betur fer tók ég peysu með.

Og hér fór ég svo að sauma kjóla.

Var atvinnuleysi í Danmörku þá?

Nei það var ekki, en launin voru svo lág að einn maður gat ekki unnið fyrir konu og tveimur börnum. Þá fóru konur yfirleitt að vinna úti. — Við fengum visst fyrir kjólinn, svo að kaupði fór eftir því hvað við vörum fljótur. Ég var ekki fljót því að ég hafði aldrei saumað nema á sjálfa mig. En stundum var ég að breyta kjólum og þá fékk ég tímalaun, það voru tvær krónur. — Ég hef alltaf gaman af að muna það að sigarettupakki, 20 stykki, kostaði tvær krónur, vikublaðið kostaði 45 aura, í sporvagninn kostaði 25 aura og 30 aura ef maður ætlaði að halda áfram í öðrum vagni. Fólk hefur meira nú.

Hvernig var húsnæði hér?

Það var lélegt. Ég bjó fyrstu árin hjá frænku minni. Svo leigði ég herbergi út á Amager — ég mátti nefnilega ekki fá íbúð af því að ég var einhleyp, það var svo mikill húsnæðisskortur. En það var kona sem ég þekkti úti í Brumleby sem var alltaf að nölra á kontórnum hvort það væri ekki til íbúð handa mér. Og loksins hafði hún það af að ég fékk íbúð þar, pínulítið herbergi og eldhús. Ég var alltaf að reyna að færa mig upp á skaftið og reyna að fá svolítið stærra, en þarna bjó ég í 16 ár. Þá var ég svo heppin að komast hingað á Ourøgade. Það var íslensk kona sem hafði búið hér og ég þekkti

hana. Ég fékk þessa íbúð loksins eftir mikið jag og vesen, því að ég mátti ekki fá hana vegna þessa að ég var ein. Þetta var 1971, en einu eða tveimur árum seinna var lögunum breytt og þá hefði ég getað fengið 3 herbergja íbúð hefði ég viljað borga fyrir hana.

Við hvað hvað vannstu fleira en kjólasaum?

Ég vann ekki lengi við kjólasaumin því að ég poldi ekki að sitja út af hryggnum. Ég fór því að vinna inni í Charlottenborg hjá prófessor Rieseby. Ég hugsaði um morgunkaffi og hádegismat og hirti íbúðina fyrir hann í 8 ár, þar til blessaður karlinn dó. Rieseby þessi var prófessor í freskumálningu og hann safnaði saman öllum myndunum hans Muggs — Guðmundar Thorsteinssonar — og gaf þær síðan heim til Íslands, líklega um 60 stykki. Hann þekkti Mugg litið, en var mjög hrifinn af myndunum hans (— og Guðrún sýnir okkur þessu til áréttingar mynd sem hún á eftir Mugg —).

Hvar fórstu að vinna eftir að þú hættir hjá prófessornum?

Ég byrjaði aftur á því að sauma en ég gat ekki setið. Svo fór ég í Tivólí og fór að vinna þar, gerði þar hreint. Þetta var erfið vinna, en ég poldi hana betur. Þar vann ég til 1971, þá varð ég að hætta. Þá datt ég og handleggsbrotnaði og mátti ekki reyna á handlegginn. Síðan hef ég bæði brotið á mér handlegginn og úlnliðinn. Ég hélt að þá væri komið nóg því að allt er þegar prent er.

Er eitthvað sérstakt sem þú mannst eftir frá Tivólíárunum?

Jú, það var einusinni, þegar ég var að vinna þar, þá komst ég upp á sviðið með Jósefinu Baker. Hún tróð upp í Glassalnum í Tivólí og við áttum að gera hreint milli atriða. Ég stóð þarna bak við tjaldið með fötuna. Þá kemur hún og tekur í höndina á mér og leiðir mig út á senuna, og segir við fólkið í salnum að það sé meðal annars, og ekki síst, þessu fólki sem þarna vinni að pakka að hún geti troðið upp.

Hvernig stóð á því að þú ílentist hérna?

Mér fannst ég ekki hafa séð neitt í Danmörku og þekkti ekki neitt hér. Því fannst mér leiðinlegt að fara burt án þess að hafa séð neitt né kynnst neinu.

Hvenær ákvaðstu svo að íslengjast hér?

Ég hef aldrei ákveðið að flytja ekki heim aftur. Ég segi að ég fari heim þegar ég er orðin gömul.



Mér þóttu þeir leiðinlegir og ég lét þá heyra það.

Hvenær fórstu fyrst heim eftir að þú kemur hingað út?

Árið 1956. Þegar ég kom heim sagði bróðir minn: Þetta voru langir þrír mánuðir! Síðan fer ég ekki aftur heim fyrr en 1966. Launin voru ekki það há að maður hefði efni á að fara oftar. Þó batnaði það þegar ég fór að vinna í Tívolí, þótt tímalaunin væru ekki nema 6 krónur. Ætli sigarettupakkinn hafi ekki kostað eitthvað álíka. Á sumrin vann ég þá sex tíma á dag, frá klukkan 7 á morgnana, nema á sunnudögum byrjuðum við klukkan 6, til að vera búnar fyrr. Hinsvegar var ekki unnið nema 5 tíma á dag 5 daga vilkunnar á veturna, svo ekki var þénustan nú mikil. Því fór ég oft í kvöldvinnu í Konsertsalinn.

Þú varst einhvern tíma að segja að þú hefðir ferðast um Noreg

Ég hef oft farið til Noregs. Ég fór 1954 til Romsdalen að heimsækja konu úr Bárðardal sem bjó þar. Í Sogni gat ég talað íslensku og svo notaði ég svolítið dönsku með, það sem ég gat. Mér gekk sérstaklega vel með íslenskuna í Flam. Þar var maður sem sagði nærri því heilar setningar á gamalli íslensku. En það sagði mér þetta eldra fólk þar, að »þegar við deyjum þá er það búið að vera því að unga fólkíð lærir bara nýnorsku«.

Og svo hef ég tvisvar farið til Svalbarða. Ég vann þá í Tívolí og það var svo mikið að gera á vorin að ég gat unnið mér fyrir farinu. Það var siglt með Bergensfjord, fyrst til ósló — þaðan til Þórshafnar-Reykjavíkur og síðan til Svalbarða. Þar var siglt norður fyrir eyrna inn í pakkísinn eins og hann var kallaður. Við

komum aðeins í land þar sen bær norsku kolanámumanna stóð. Heldur fannst mér ömurligt þarna, t.d. fer aldrei klaki úr jörðu. Ein blómjurt vex á Svalbarða, mig minnir að hún sé kölluð músareyra heima. Þegar farið var í land, voru allir beðnir um að láta blómið í friði og rífa það ekki upp, en þegar komið var um borð aftur, sást að ekki höfði allir getað stillt sig um að rífa það upp, til þess eins að henda því svo.

Frá Svalbarða var siglt til Nord Kap í Noregi, og síðan suður með ströndinni.

Þetta voru ljómandi þægilegar ferðir, bæði ef maður vildi vera út af fyrir sig og hvíla sig, og eins var alltaf nóg að gerast, skemmtanir á kvöldin, myndasýningar og fleira.

Hvenær fórstu að skipta þér af félagsmálum Íslendinga Höfn?

Ég fór í Íslendingafélagið strax og ég kom hingað og ég fór strax í íslenska kórinn sem Axel heitinn Arnfjörð var með. Þá kynntist maður um leið fleira fólki. Í stjórn Íslendingafélagsins kom ég 1954. Það voru ekki margir Íslendingar aðrir en námsmenn hér þegar ég kom, en það komu fleiri í kringum 1960 og eftir það var hér fjöldi af Íslendingum að vinna.


Með mér í stjórninni voru fyrst m.a. Ármann Kristjánsson og Þorfinnur Kristjánsson og ég held að Ágúst faðir Einars Ágústssonar hefi verið þarna líka. En það var alltaf verið að skipta um formann.

Af hverju hélt ykkur svona illa á formönnunum?

Það var stundum óánægja með þá og svoleiðis en það var líka síður um tíma að fá námsmenn, sem voru búnir að læra og voru hér, inn í stjórnina og hafa þá fyrir formenn. Þetta var gert til að fá unga menn með. Það voru t.d. Ólafur Halldórsson og Stefán Karlsson sem voru formenn á þessum árum.

Voru róstur í félaginu?

Það var stundum. Það var Þorfinnur Kristjánsson sem fyrst bað mig endilega að koma í stjórnina. Og þegar ég var komin í stjórnina sagði hann: Ég vil hafa það sisona og sisona og ég ætlast til að þú viljir eins og ég. Svo kom Marten Bakkels. Hann var ekki lengur í stjórn en hafði verið formaður Íslendingafélagsins frá því að það var stofnað og í 25 ár. Hann kom oft á fundi til að skipta sér af. Annars voru engar reglulegar erjur fyrr en einhvern tíma rétt eftir 1970 þegar námsmennirnir



Pegar ég kom heim árið 1956 sagði bróðir minn: Þetta voru langir þrír mánuðir.

komu í hóp á aðalfund, gengu í félagið og settu alla út úr stjórninni nema mig. Mér fannst þetta illa gert. Nú, aðalmennirnir í þessari stjórn voru Guðmundur Björnsson sem nú er held ég brúarsmiður og Sigurgeir Ólafsson plöntusjúkdómafræðingur. En mér þóttu þeir leiðinlegir og ég lét þá heyra það. Til dæmis hafði Ármann heitinn Kristjánsson verið 25 ár í stjórn og hann hafði unnið manna mest fyrir félagið. Hann var gjaldkeri, hann sendi alltaf út bréf og hann sá alltaf um að útvega hús og músik. Mér fannst hann hafa leyfi til að segja af sér, en það ætti ekki að reka hann út. Mér þóttu þeir leiðinlegir Guðmundur og Sigurgeir þegar þeir voru í stjórn en þegar þeir voru komnir út úr stjórn voru þeir manna bestir, og hjálpuðu okkur með allt mögulegt.

Hvað gerði Íslendingafélagið helst á þessum árum?

Við áttum að halda sex samkomur á ári. Þá þurfti alltaf að leigja hús úti í bæ, þangað til Jónshús kom haustið 1970. Alltaf var einhver fenginn til að halda smá fyrirlestur og venjulega var einhver músikk. Það var oft sem Einar Kristjánsson söng, Stefán Íslandi, eða Elsa Sigfúss.

Einu sinni kom Karalakór Reykjavíkur og söng fyrir okkur, þá voru eitthvað um 500 manns inni í Studenterforeningen á H. C. Andersens Boulevard.

Tók Íslendingafélagið þátt í baráttunni fyrir að handritin heim?

Já það var mikið rætt um það. Það voru allir með því.

Var Jón Helgason ekki lítið hrifinn af því?

Nei hann var ekki hrifinn af því. Ég hugsa að hann hafi álitid að það yrði ekki búið nógu vel um þau. En þetta var mikið hitamál hérna í Danmörku, í blöðum og svoleiðis. En mér fannst það vel gert hvað þeir létu af hendi. Því að a.m.k. sumt af þessu var í upphafi gefið hingað. Það var eiginlega ágætt að það komst út úr landinu á sínum tíma því að annars hefði það eyðilagst. Hann Jónas Kristjánsson var einu sinni að sýna okkur ljósmyndir af handritunum inni í húsi. Sumt af þessu var búið að klippa niður í leppa og bætur.

Fóruð þið ekki í nein ferðalög?

Jú við fórum oft í skógarferð á vorin. Þetta voru eins dags ferðir. Bæði fór Íslendingafélagið og svo fór kórinn í svona ferðir. En þegar árin liðu var eins og áhugi minnkaði á þessum ferðum. Fólk hefur meira og meira að hugsa um. Það er sjónvarp alls staðar og allt svoleiðis.

Í sambandi við kórinn var oft kátt og gott félagslíf. Á stríðsárunum voru um 40 manns í honum, og þá sungu þau meðal annars í útvarpið. — Guðrún dregur fram gamlar myndir frá þessum árum og rifjar upp nöfnin á kórfélögunum frá þessum tíma.

Var eitthvert samstarf milli félaganna?

Það hefur alltaf verið svolítið. Þegar ég kom hingað vildu námsmenn fara að eiga þátt í 1. desember sem Íslendingafélagið hafði alltaf séð um. Þá voru fyrst hafðir ræðumenn frá báðum félögum. Þá var fólk alltaf hátíðlega uppklað bæði 1. desember og 17. júní. Fólk kom ekki öðruvísi en vel til fara. Nú er þetta gjörbreytt. Fólk kemur eins og það er klaðt utan af götunni.

Finnst þér aldarháttur meðal Íslendinga hér hafa breyst?

Já það hefur mikið breyst.

Versnað eða batnað?

Ja það er nú ekki gott að dæma um það því að sumt er betra og annað verra. Það er eðlilegt að margt breytist, því að eldri kynslóðin er að hverfa og sú nýja kemur og hún hefur auðvitað önnur áhugamál og lítur öðruvísi á hlutina en við. Það er ekki hægt annað.

Fólk sem er að læra hérna hefur það allt öðruvísi en þegar ég kom hingað. Fyrstu árin sem ég var hér og fram yfir 1960 voru ekki margir stúdentagardar. Þá gátu námsmenn

ekki heldur leyft sér að fara eins oft heim og nú. Þeir voru bara hér.

Stúdentagarðar það var, eignlega bara Norðisk kollegium. Þangað komust venjulega 7-9 Íslendingar. Það var farið eftir því hve gott stúdentspróf þeir höfðu. En þeir stóðu sig svona vel. Og svo bjuggu menn bara á herbergjum hér og þar.

Ég vil segja það hér að margt af unga fólkinu sem hefur verið hér og er hér, er ágætt fólk, duglegt fólk. Það er bara vitleysa þetta gamla sem sagt var að stúdentar drykkju. Það eru ekki stúdentar sem drekka mest, heldur aðrir. Ég held að það hafi verið algengara áður. Þá voru það fáir aðrir en stúdentar sem komu hingað til Hafnar, og margir þeirra lentu í basli og vandræðum. Samkvæmt könnun, sem gerð var á því hve mikill hluti íslenskra stúdenta sem hófu nám hér, lykju því, þá er það mikið hærra hlutfall nú á seinni árum en fyrir ca 50 árum. Þá sultu margir stúdentar hér og dóu svo úr berklum.

Ég vil bara í framhaldi af þessu koma því á framfæri, að ég vil pakka hvað unga fólkið var

gott við mig þegar ét fór á spítalann í vetur. Það var fjöldinn allur sem heimsótti mig, allt að 6 á dag, og nær eingöngu námsfólk.

Það er nú gallinn við þetta umhverfi hér. Þegar maður hefur kynnst námsfólkinu, og er farið að þykja vænt um það, þá er það farið heim.

Það var farið að líða á kvöld þegar við kvöddum Guðrúnu eftir ánægjulega rabbstund og marga kaffibolla.

Á leiðinni heim rifjast upp fyrir okkur það sem hún sagði í Jónshúsi í haust, þegar henni fannst ósamstaðan og ágreiningurinn keyra úr hófi. Þótt hún hafi sínar ákveðnu skoðanir í félagsmálum, hefur hún alltaf reynt að leggja sitt af mörkum til að ágreiningur breyttist ekki í illindi. Því kom hún í haust með heilræði, sem okkur finnst að menn ættu að hafa í huga: »Við getum verið ósammála og rifist hvort við annað — en svo eigum við alltaf að geta talað saman í bróðerni á eftir«.

*Gunnlaugur Júlíusson
Sigurður Jóhannesson*

Sumarferðir SÍDS 1984

Boðið verður upp á tvennskonar ferðamáta:

RAUDUR APEX: Flogið verður heim á miðvikudögum og sunnudögum fram til 12 júní, þaðan í frá á þriðjudögum og sunnudögum, þó verður einnig um að ræða takmarkaðan sætafjölda á miðvikudögum.

Verðið er:

Fullorðnir 2785.— DKR

Börn (2-12) 1375.— DKR

Smábörn (0-1) 270.— DKR

Miðinn gildir í þrjá mánuði, þanta verður komudag til baka samtímis pöntun heim, þó mun verða hægt að breyta komudegi að heiman, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Greiða verður miðann 20 dögum fyrir brottför.

SÉRFLUG: Farin verður ein ferð um mánaðamótin júní-júlí, með föstum dagsetningum, miðunum verður ekki hægt að breyta. Hún tekur yfir þrjár vikur. Takmarkaður sætafjöldi.

Verðið er:

Fullorðnir 2200.— DKR

Börn (2-12) 1125.— DKR

Smábörn (0-1) 210.— DKR

Af milliflugi innan Danmerkur fæst 35 % afsláttur, sé flogið í sambandi við ferðir heim. Einnig fæst 35 % afsláttur af innanlandsflugi heima, sé miðinn greiddur hér úti. Hann er óbundinn, þ.e. dagsetningar þarf ekki að ákveða.

ADRAR FERÐIR:

Kastrup-Glasgow-Kastrup. Hægt verður að fá mánaðarmiða á þessari leið við mjög hag stæðu verði.


Kastrup-Keflavík-New York-Keflavík-Kastrup

Hægt verður að fá ársmiða á þessari leið við afar hagstæðu verði. Hægt er að dveljast á Íslandi ótakmarkað innan þessa tíma. Öll þessi ferðatilboð gilda frá 15. maí.

*Góða ferð
Stjórn SÍDS*

AKUREYRI
REYKJAVIK

HALIFAX
GLOUCESTER, Mass.



UMBOÐSMENN OKKAR Í DANMÖRKU ERU:

AARHUS



BERGMANN, SMITH & CO.

Pier 2, 8100 Aarhus P O Box 73
Cable Bergsmiths
Tel.: (06) 128188 Telex 64375 bergs dk

SVENDBORG

BJERRUM & JENSEN A/S

Havnepladsen 3, Box 190 5700 SVENDBORG
Cable: Broka Telex 58122 Phone (09) 212600

KÖBENHAVN

Allfreight Ltd.

35, Amaliegade DK-1256 KÖBENHAVN
Cable: Allfragt Telex: 19901 alckh dk
Phone: (01) 11-12-14



**SKIPADEILD
SAMBANDSINS**

SAMBANDSHÚSINU REYKJAVÍK SÍMI 28200

Eftirlýstur

Hér með lýsum við eftir manni sem föstudagskvöldið 17. febrúar framdi vopnað rán við næturhólf Austurbæjarútibús Landbanka Íslands.

Greinargóð lýsing fékkst af manninum og því mjög líklegt að hann sé þegar fundinn þegar þetta blað kemur út. Ræninginn er 35 til 40 ára um 180 til 185 sentimetrar á hæð. Hann var með hárkollu, falskt yfirskegg og hafði málað á sig hökutopp. Ræninginn tók leigubíl við Hótel Sögu og bað bílstjórann að keyra sig að Loftleiðum. Þegar þeir áttu stuttan spöl eftir tók ræninginn upp haglabyssu og neyddi bílstjórann til að keyra út í Nauthólsvík. Hann skipaði honum svo að fara út úr bílnum og keyrði síðan á brott. Stuttu seinna rændi hann peningum sem tveir starfsmenn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins voru að leggja inn í næturhólf Landsbankans. Hann hótaði þeim með haglabyssunni, skaut á bílinn sem þeir komu í og síðan hljóp skot úr byssunni þegar ræninginn sló til annars starfsmannsins sem reyndi að komast burt með peningapokann. Ræninginn hafði á brott með sér 1.840.000 íslenskar krónur, söluinnkomu dagsins í Lindargöturíkinu, trúlega allt í peningum, því þeir taka ekki við ávísunum þar.

Hundar

Þann 19. febrúar var felldur lokadómur yfir 15 hundum. Það voru norskir hundatamningamenn sem felldu dóminn eftir að hundarnir höfðu verið 7 daga í þjálfun í björgunarstörfum eftir norskri forskrift. Þeir fengu bestu einkunn.

Loðna

Loðnuveiði er óhemju góð á Íslandi og allar þrær fullar nema á Reyðarfirði. Þess vegna hefur viðskiptaráðherra leyft stórum loðnubátum að sigla til Færeyja með loðnuna, þar fá þeir líka betra verð fyrir hana.

Samningar

Þann 21. febrúar tókst að ná samkomulagi í kjaradeilu Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. Samkvæmt því munu laun innan ASÍ hækka um 5 % strax, um 2 % 1. júní, 3 % 1. september og önnur 3 % í janúar á næsta ári. Lágmarkslaun hækka úr tæplega 11.000 ísl.kr. í rúmlega 12.600 ísl.kr. eða rúmlega 15 %. Í tengslum við samningana hefur ríkisstjórnin lýst því yfir að hun muni verja 306 til 330 milljónum króna til að bæta hag þeirra sem verst eru settir. Samninganefndirnar undirrituðu samkomulagið með venjulegum fyrirvara um samþykki félagsfunda. Fram hefur komið að formenn 5 verkafélaga eru mótfallnir þessum samningum þar á meðal Gvendur Jaki. Albert Guðmundsson fjármálaráðherra telur að ríkisstjórnin eigi að segja af sér ef þessir samningar hafi sprengt launarammann. Forsætisráðherra segir að ramminn hafi ekki verið sprengdur heldur teygður. Minnir þetta ekki eitthvað á fall og sig?

Bankarín

Ungur maður með dökka lambhúshettu rændi útibú lðnaðarbanka Íslands í Breiðholti, eftir lokun þann 9. febrúar síðastliðinn.

Hann bankaði á hliðardyr í bankanum og var hleypt inn af utanaðkomandi manni sem var staddur þar. Hann gekk síðan beina leið að skúffum gjaldkera og tók 364.000 kr. Starfsfólk bankans sem vann að uppgjöri tók ekki eftir þessu en maðurinn sem hleypti honum inn reyndi að stöðva hann á leiðinni út en tókst ekki. Ræninginn hvarf og hefur ekki fundist síðan svo vitað sé.

Við höfum heyrt

- að þúsund kalkúnaegg hafi verið flutt inn til Íslands frá Noregi
- að lambhúshettur með opum fyrir augun séu uppseldar í Reykjavík

Verzlað með bankastjóraembætti

Þegar ráða þurfti nýjan bankastjóra við Búnaðarbankann fyrir skömmu ákvað forysta Sjálfstæðisflokksins að Lárus Jónsson alpm. Norðurlands eystra hlyti stöðuna. Sá sem áður gegndi embættinu hafði einnig verið þingmaður Sjálfstæðisflokksins um skeið, meira að segja fyrir sama kjördæmi, svo að Lárus virtist sjálfkjörinn. Morgunblaðið birti frétt um þetta með mynd af Lárusi og sagði hver mundi taka við af honum á þingi. Allt virtist klappað og klárt, en þegar bankaráð átti að ganga frá þessu kom í ljós, að það voru aðeins sjálfstæðismennirnir sem vildu Lárus, og var annar maður ráðinn. Einhver reiður sjálfstæðismaður ritar frétt um þetta í Morgunblaðið 18. síðastliðinn: »Meirihluti þingflokks [Alþýðuflokksins] mun hafa verið því fylgjandi að Lárus Jónsson yrði bankastjóri, og einnig óttast margir þingmenn Alþýðuflokksins afleiðingar þess að ganga gegn vilja Sjálfstæðisflokksins... Á meðan bankastjóramálið var til umfjöllunar mun samkvæmt heimildum Mbl. hafa komið fram sú tillaga í þingflokki, að rætt yrði við sjálfstæðismenn um málið og reynt að ná samkomulagi við þá... Síðar mun þingflokkur Sjálfstæðisflokksins hafa leitað formlega eftir samstöðu og *boðið samvinnu*

almennt í bankamálum... Þeir sem styðja vildu Lárus [í Alþýðuflokknum] benda m.a. á, að með þessari afgreiðslu flokksins sé *forysta hans endanlega búin að gera flokkinn áhrifalausan í bankakerfinu*. Kjósa á bankaráð samkvæmt lögum til fjögurra ára í desember nk. og telja Alþýðuflokksmenn litlar líkur til þess úr þessu að þeir hljóti nokkra slíka stöðu, þar sem þeir hafa aðeins sex menn á þingi og verða því að semja í þeim hlutfallskosningum. Þá telja þeir sömu menn, að með þessu sé endanlega búið að ganga frá því að frekari samvinna geti orðið milli þessara gömlu samstarfsflokka... (lbr:SJ)

Hér er hvergi minnst á það að Lárus hafi verið hæfari en aðrir umsækjendur. Það er allt of algengt við embættaveitingar að flokkur umsækjenda, ætterni eða kunningskapur skipi meira máli en hæfni. Þetta er ekkert nýmæli á Íslandi, en það er alveg nýtt að verzláð sé með stöður fyrir opnum tjöldum. Morgunblaðsmenn virðast ekki skammast sín fyrir að stefna flokks þeirra í bankamálum, bankaráðs-embætti og jafnvel »frekari samvinna« í framtíðinni, sé fól fyrir bankastjóraembætti. Þegar ekki er einu sinni reynt að dylja spillinguna er útlitið svart. SJ

FRÉTTATILKYNNING: A.A. SAMTÖKIN. (ALCOHOLIS ANONYMOUS)

Halda fundi hvern Sunnudag kl. 10.30 í
Jóhshúsi (sjónvarpsherbergi).
Sími samtakanna er 01-95 70 96 íbúð 605.

Ég get tekið að mér allskyns smíðar í aukavinnu. Er ýmsu vanur, hef full réttindi í faginu og er mjög sveigjanlegur hvað varðar vinnulaun. Þeir sem hafa áhuga geta náð í mig í síma 01 55 63 33 vær. 2613, eða skilið eftir skilaboð.

Jóhannes Karlsson, trésmiður

FRAMSÓKNARMENN ALLRA LANDA SAMEINIZT!


Athugun hefur leitt í ljós að af 7 ritsjórnendum Þórhildar eru 4 samvinnuskólagengnir.

SKILAFRESTUR.

6 APRÍL.

BANASKOT

smásaga eftir Guðmund Gunnarsson



Amor hugði gott til glóðarinnar þetta kvöld. Helgin hafði ekki verið erfið, hann hafði haft lítið að gera. Ungt fólk var alveg hætt að verða almennilega ástfangið nú á dögum og þess vegna var hann óþreyttur. En hins vegar var hann orðinn mjög þreyttur á tilbreytingarleysinu. Langt var um líðið síðan hann hafði átt banaskot. Þar kom tvennt til. Í fyrsta lagi var þess háttar skot mjög erfitt og í öðru lagi var mannfólkið hætt að stilla sér þannig upp að það yrði hentugt skotmark. Hann nennti þessu ekki lengur og því var hann ákveðinn í að leita kröftuglega að tækifærinu er til þurfti og það í kvöld.

Hann sveif um með bogann og örina, skimandi í allar áttir. Hann þurfti ekki að leita lengi. Fórnarlömbin sátu í sakleysi sínu þjórandi vökvann sem öllum þótti svo góður. Svona skotmark hafði hann ekki fengið lengi, þetta var eiginlega of einfalt en hann gat ekki látið tækifærið ganga úr greipum sér.

Hann lyfti boganum, lagði örina á strenginn, miðaði og skaut...

Torfi var einn af þeim mönnum er nutu lífsins. Réttara væri að segja að hann væri einn af þeim mönnum er reyndu að njóta lífsins. Hann og Örn, vinur hans, höfðu verið mjög iðnir við skemmtanirnar allt síðastliðið

ár. Þeir hugsuðu, eins og allir ungir menn, um kvenfólkið og um ástina. Æðsta óskin var að verða ástfanginn. Margar gildir höfðu þeir lagt fyrir kvenfólkið en ekkert fangað. Eða þar til fyrir skömmu að Örn hafði dottið í lukkupottinn — orðið ástfanginn.

Torfi var því einn eftir.

Hann hafði lengi dreymt um að hann riði á hvítum hesti framhjá fríðum hópi kvenna og kæmi auga á hana, stúlku sem hann þekkti ekkert, stúlku sem hann elskaði. Hesturinn myndi rísa upp á afturfætturna og hún kæmi gangandi í áttina til hans. Hann myndi kippa henni upp í söðulinn til sín og ríða á brott svo hratt að síðu, gullnu lokkarnir hennar sveifluðust glitrandi um loftið.

Nú ók hann um í litla bláa bílnum sínum, í síðustu sendiferðinni þennan dag. Hvað ætti hann að gera í kvöld? Ætti hann að heimsækja Örn? Varla, hann yrði svo upptekinn. En hvað um að heimsækja Óla og Birnu? Já, það væri ekki vitlaust. Þau voru búin að vera saman svo lengi að það skipti engu máli þó hann kæmi í heimsókn. Þau gætu farið á bíó eða kannski átti Óli bjór. Já það væri ekki dónalegt að fá sér einn, tvo bjóra. En þau voru því sem næst gift og það sama væri hægt að segja um Örn. Af hverju gat hann ekki verið í sömu sporum og þau?

Pannig lét hann hugann reika meðan hann lauk útkeyrslunni. Hann varð að gera eitthvað. Hann varð að finna hina einu sönnu ást.

Hann kom til Óla og Birnu um áttaleytið og var boðið til stofu. Hann settist og kveikti sér í pípu. Það virtist stefna í rólegt kvöld. Bjöllunni var hringt og Óli fór til dyra. Torfi var djúpt sokkinn í að reyna að fá eld í pípuna og tók því ekki eftir gestinum sem nú gekk í stofuna.

— Halló.

Torfi leit upp og sá forkunnarfagra stúlku standa fyrir framan sig. Hann varð orðlaus. Eldspýtan brann áfram en Torfi var kominn langt inn í draumaheiminn. Hann vaknaði frá draumórum sínum með miklum látum er eldspýtan brann til enda. Stelpan fór að hlæja. Torfi fór líka að hlæja þrátt fyrir að hann sárverkjaði í fingurna eftir brunann. Óli kom inn í stofuna.

— Má ég kynna: Torfi, þetta er Krístrún, vinkona Birnu.

— Halló.

Krístrún fékk sér sæti. Er hún settist, sveiflaði hún síðu, gullnu lokkunum sínum. Hár hennar náði langt niður á þjóhnappa. Birna kom til stofu með veigar, áfengar veigar, og skenkti hverjum og einum dágóðan sopa. Þetta fór að verða spennandi.

Torfi leit í augu Krístrúnar en hún leit snögg og undan. Hann fékk sér sopa af víninu og er hann leitt upp aftur sá hann að hún horfði á hann. Nú var það hann sem leit undan. Þau

höfðu hvorugt sagt orð og Birna og Óli pögðu einnig. Það eina sem heyrðist var sötrið úr glösum. Andrúmsloftið var prungið spennu.

Hvað var að gerast?

Torfi reyndi að vera fyndinn og Birna fór að tíst. Að lokum sprakk hún úr hlátri og smitaði hin þrjú einnig. Það slaknaði á spennunni.

Þau fengu sér meira að drekka. Röði var tekinn að færast í kinnar þeirra. Torfi var í draumaheimi. Hann hugsaði um hvíta hestinn, hve glæsilega hann hefði kippt henni upp í söðulinn, stúlkunni sem hann elskaði. Hann leit á Krístrúnu einu sinni enn. Augu þeirra mættust á miðri leið.

... Amor hæfði í hjartastað ...

Torfi renndi höndunum í gegnum hár hennar. Þau stóðu upp og færðu sig nær hvort öðru, þau þrýstu sér saman. Varir þeirra nálgudust og að lokum sameinuðust þær í ástríðufullum kossi.

Óli og Birna voru orðlaus en ástríðan jókst. Hún nálgadist hámark, ástarjátningar tóku að fljúga um stofuna. Svo varð smá þögn. Hinir ungu elskendur horfðu hamingjusöm hvort framan í annað þar til Krístrún sagði:

— Veistu, að ég skemmti mér ávallt konunglega við svona tækifæri, en ég er hamingjusamlega gift og tveggja barna móðir ...

... Jarðarför Amors hefur farið fram ...

Frá bókasafninu

Í janúar og fyrri hluta febrúar var settur upp nýr ljósabúnaður á bókasafninu, og er nú ólíkt bjartara um að litast þar en áður var. Einnig hefur verið unnið að endurskipulagningu safnsins og er því verki senn lokið. Allar nýkeyptar bækur eru skráðar og frágengnar og komnar í umferð. Við bókakaup var aðaláherslan lögð á barna- og unglingabækur, en einnig verða keyptar íslenskar skáldsögur eftir því sem fjárhagurinn leyfir.

Bókasafnið verður lokað Pálmasunnudag 15. apríl og Páskadag 22. apríl.

27. maí er síðasti sunnudagurinn á þessu vori sem safnið verður opið, því samkvæmt venju verður safnið lokað í júní, júlí og ágúst. Í haust verður opnað aftur sunnudaginn 2. sept.

Ætlunin er að setja upp bókaskilakassa í veitingastofunni í Jónshúsi í þá mánuði sem safnið er lokað. Lánþegar geta því skilað bókum í bókakassann á opnunartíma veitingastofunnar. Þetta gildir aðeins í þá mánuði sem safnið verður lokað, þ.e.a.s. júní, júlí og ágúst.

KOB.

DAGSKRÁ PROGRAM

Mars

- Sunnudagur 25. **Guðspjónusta í Skt. Paulskirkju kl. 14.00.**
Messukaffi á eftir í Félagsheimilinu.
Gudstjeneste i Skt. Paulskirke kl. 14.00. Kaffe bagefter i Jonshus.
- Þriðjudagur 27. **Lokað** — Lukket.
- Miðvikudagur 28. **Jurtamatur kl. 18.30.**
Vegetarisk mad
- Föstudagur 30. **Húsið lokað vegna árshátíðar ísl. lyfjafræðinema.**
Lukket.
- Laugardagur 31. **Músikkvöld. Jam session kl. 20.00. Mætið á staðinn og látið gamminn geisa. Saltkjöt og baunir frá kl. 18.00.**
Pantanir berist í síma 137997 í síðasta lagi fimmtud. 28/3.
Musiktaften. Jam session. Saltkød og bønner fra kl. 18.00. Bestil senest torsd. d. 28/3.

Apríl

- Þriðjudagur 3. **Lokað** — Lukket.
- Miðvikudagur 4. **Jurtamatur kl. 18.30.**
Vegetarisk mad.
- Fimmtudagur 5. **Karlakvöld kl. 19.00.**
Mandeaften.
- Föstudagur 6. **Spilakvöld kl. 19.00.**
Kortaften.
- Laugardagur 7. **Myndbandakvöld Fínk. Heimsókn Ómars Ragnarssonar á torfbæ í Skagafirði, tónleikar Egó og etv. fl. Hrossa- og kindabjúgu frá kl. 18.00.**
Munið að panta.
Videoaften kl. 20.00.
- Þriðjudagur 10. **Konukvöld. Gestur kvöldsins er sr. Ágúst Sigurðsson.**
Kvindeaften. Aftenens gæst: den islandske præst.
- Miðvikudagur 11. **LOKAÐ vegna fundar Norrænafélagsins.**
Foreningen Norden holder møde. (Huset lukket).
- Sunnudagur 15. **Bókasafnið lokað.**
Biblioteket lukket.
- Mánudagur 16. **Hraðskákmót kl. 20.00.**
Lynskak.
- Þriðjudagur 17. **Lokað** — Lukket.
- Miðvikudagur 18. **Lokað** — Lukket.
- Fimmtudagur 19. **Lokað** — Lukket.
- Föstudagur 20. **Lokað** — Lukket.

DAGSKRÁ-PROGRAM

- Laugardagur 21. **Lokað** — Lukket.
- Sunnudagur 22. **(Páskadagur)**
Guðsþjónusta í Skt. Paulskirkju kl. 14.00.
Messukaffi á eftir í Félagsheimilinu. Bóksafsníð lokað.
 Gudstjeneste i Skt. Paulskirke kl. 14.00. Kaffe i Jonshus bagefter. Biblioteket lukket.
- Mánudagur 23. **Annar í páskum.**
Hangikjöt frá kl. 18.00. Pantanir þurfa að hafa borist í síma 137997 fyrir mánud. 16. apríl.
 »Hangikjöt« (røget lammelår) fra kl. 18.00. Bestil venligst senest mand. d. 16. april.
- Þriðjudagur 24. **Lokað** — Lukket.
- Miðvikudagur 25. **Jurtamatur kl. 18.30.**
 Vegetarisk middag.
- Fimmtudagur 26. **Hrossa- og kindabjúgu kl. 18.30. Munið að panta.**
- Föstudagur 27. **Soðin ýsa og skyr frá kl. 18.30. Pantið í síðasta lagi daginn áður.**
 Kogt kulle og »skyr«. Bestil venligst senest dagen før.
- Laugardagur 28. **Barnabíó kl. 15.00.**
 Børnefilm.

Maí

- Þriðjudagur 1. **Rjómapönnukökur, flatbrauð og fl. Fjölmennið í 1. maí kaffi eftir göngu og fundarhöld í Fælledparken.**
- Miðvikudagur 2. **Jurtamatur kl. 18.30.**
 Vegetarisk mad.
- Fimmtudagur 3. **Karlakvöld kl. 19.00. Svið að borða. Pantið fyrir þriðjud. 1. maí.**
 Mandeften. Fårehoveder fra kl. 19.00. Bestil venligst senest tirsd. d. 1. maj.
- Sunnudagur 6. **Fermingarguðsþjónusta í Skt. Paulskirkju kl. 14.00. Messukaffi á eftir í Jónshúsi sem lokað er kl. 18.00 v. einkaveislu.**
 Konfirmationsgudstjeneste i Skt. Paulskirke kl. 14.00. Kaffe bagefter i Jonshus. Huset lukket fra kl. 18.00.
- Þriðjudagur 8. **Konukvöld kl. 18.30. Steikt ýsa ásamt eftirrætti . Pantanir þurfa að hafa borist í síma 137997 fyrir sunnud. 6. maí.**
 Kvindeaften. Stegt kuller samt efterret. bestil venligst senest sønd. d. 6. maj.
- Miðvikudagur 9. **Jurtamatur kl. 18.30.**
 Vegetarisk middag.
- Fimmtudagur 10. **Ýsa og skyr frá kl. 18.30. Munið að panta.**
 Kuller og »skyr« kl. 18.30. Husk at bestille.